

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 168/2011 um skilyrði og kröfur vegna útgáfu heilbrigðisvottorða við markaðssetningu lagareldisdýra, afurða þeirra og innflutning þeirra inn á EES-svæðið og um skrá yfir tegundir smitferja.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1758 frá 23. október 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af lagareldisdýrum til Evrópusambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn heim og lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdónum, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur brott reglugerð nr. 422/2019 um (7.) breytingu á reglugerð nr. 168/2011.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. desember 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Nr. 1333

11. desember 2020

Fylgiskjal.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1758

frá 23. október 2019

um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af lagareldisdýrum til Evrópusambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (⁽¹⁾), einkum 22. gr. og 3.mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálanum um Evrópusambandið. Hinn 11. apríl 2019 samþykkti leiðtogaðið ákvörðun (ESB) 2019/584 (⁽²⁾) um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálanum um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Í samræmi við þá ákvörðun hefur tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálanum um Evrópusambandið, verið framlengt enn frekar til 31. október 2019. Þess vegna hætta lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 1. nóvember 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 (⁽³⁾) er tekin saman skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er aðflutningur á lagareldisdýrum til Sambandsins.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið og fyrir hjálendur krúnunnar, að því er varðar tilteknar vörur, um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1251/2008 um aðflutning á sendingum af lagareldisdýrum til Sambandsins, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggið Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 4) Með tilliti til þessara tilteknu ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ættu Bretland og hjálendur krúnunnar því að vera faerd á skrána yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af lagareldisdýrum til Sambandsins.
- 5) Því aðtti að breytla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð aðtti að koma til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð pessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

Reglugerð pessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(¹) Stjórið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(²) Ákvörðun leiðtogaðsins (ESB) 2019/584 sem tekin var í samráði við Bretland 11. apríl 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálanum um Evrópusambandið (Stjórið. ESB L 101, 11.4.2019, bls. 1).

(³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjórið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

Nr. 1333

11. desember 2020

VÍDAUKI

Töflunni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir færslunni fyrir Cooks-eyjar:

„GB	Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	X	X	X		Landið allt
GG	Guernsey	X	X	X		Landið allt“

- b) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísrael:

„IM	Mön	X				Landið allt
JE	Jersey	X	X	X		Landið allt“

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2020